



Nefndarálit norrænu sjálfbærninefndarinnar um

## **ráðherranefndartillögu um samstarfsáætlun ráðherranefndarinnar um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt 2017–2020**

### **Tillaga**

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún setji í forgang aðgerðir gegn útbreiðslu sýklalyfjaónæmis í landbúnaði, sbr. aðgerðasviðið *One Health (lyfjaóþol)*, *heilbrigð dýr og dýravelferð*;

að hún leitist við að samræma sjónarmið Norðurlanda í samninga-  
viðræðum um mikilvægar lagagerðir ESB á aðgerðasviðum  
samstarfsáætlunarinnar. Einnig aðgerðir sem koma í veg fyrir að  
nýjar stjórnsýsluhindranir myndist við innleiðingu tilskipana ESB í  
löndunum;

að hún á aðgerðasviðinu *Aukið þanþol og minni áhrif frum-  
framleiðslu á loftslagsbreytingar* bæti við eftirfylgni skýrslu frá  
árinu 2014 um áhrif frumframleiðslu á loftslagsbreytingar á  
Norðurlöndum, súrnun sjávar og vandkvæðum með veiðistjórn á  
sameiginlegum fiskistofnum;

að hún á aðgerðasviðinu *Sjálfbær stjórnun lifandi auðlinda* bæti við  
aðgerðum með það fyrir augum að draga úr illum afleiðingum  
fiskeldis á líffræðilega fjölbreytni;

að hún á aðgerðasviðinu *Sjálfbær stjórnun lifandi auðlinda* bæti við  
aðgerðum sem gera löndunum kleift að nýta tækifæri sín til að  
stunda sjálfbæra framleiðslu á matvælum og líforku;

að hún hrindi í framkvæmd ráðherranefndartillögu B 307/holdbar  
um Samstarfsáætlun ráðherranefndarinnar um fiskveiðar og

fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt 2017–2020 og taki tillit til sjónarmiða Norðurlandaráðs varðandi tilteknar aðgerðir.

Norðurlandaráð

## Forsaga

Norræna ráðherranefndin um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS) hefur gert rammaáætlun fyrir tímabilið 2017–2020. Áætlunin kemur í stað áætlunar tímabilsins 2013–2016 sem samþykkt var á þingi Norðurlandaráðs 2012. Í áætluninni eru tilgreindar helstu pólitísku áherslur sviðanna en hana ber einnig að skoða í ljósi annarra stefnumótunarskjala svo sem framtíðarsýnar samstarfsráðherranna, þverlægra stefnumótunarskjala á við áætlunina um sjálfbæra þróun og árlegar formennskuáætlanir. Þau koma til viðbótar við áætlunina og fjallar ítarlega um tiltekin atriði. Norðurlandaráð getur einnig haft áhrif á ákveðnar aðgerðir í hinu árlega fjárhagsáætlunarferli.

Í áætluninni er greint frá pólitískum áherslum og viðfangsefnum á umræddum sviðum en þar á eftir eru tilgreind eftirfarandi sjö stefnumótandi aðgerðasvið:

1. sjálfbær nýting lifandi auðlinda,
2. aukið þanþol og minni áhrif frumframleiðslu á loftslagsbreytingar,
3. One Health (lyfjaóþol), heilbrigð dýr og dýravelferð,
4. hollur, öruggur matur og góðar matarvenjur,
5. yfirvöld sem hvetja til nýsköpunar og þróunar á nýjum vörum og þjónustu,
6. merkingar og viðurkennd framleiðsla,
7. fjölbreytilegt efnahagslíf á landsbyggðinni.

Í áætluninni kemur fram að huga skuli að stefnu ESB og öðru alþjóðastarfi en ekki er tekið fram hvaða málaflokka er átt við. Einnig kemur fram að átta af 17 heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna eigi við á umræddum sviðum.

Áætlunin tilgreinir hvernig Erfðaauðlindastofnunin (NordGen) á að standa að samstarfi um að varðveita erfðafræðilega fjölbreytni í landbúnaði og skógrækt á Norðurlöndum.

Engar breytingar eru lagðar til á núverandi skipulagi samstarfsins. Embættismannanefndirnar verða áfram fimm samþættar undirnefndir, tvær stofnanir annast rannsóknir í skógrækt og landbúnaði, þrjár vinnuhópar starfa á matvælasviði og ein stofnun á sviði erfðaauðlinda.

## Umsagnarferli

Tillagan var til umsagnar hjá ýmsum stofnunum sem starfa á vegum ráðherranefndarinnar um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS), en hún hefur ekki verið send til umsagnar ytri aðila. Norðurlandaráði barst tillagan í byrjun september og því hefur ekki gefist tími til að senda hana í umsagnarferli.

## Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin styður þær tvenns konar stefnumótandi aðgerðir sem settar eru í forgang, þ.e. þróun *norræns lífhagkerfis* og þróun *sjálfbærra matvæla-kerfa*. Nefndin telur hin sjö stefnumótandi aðgerðasvið afar viðeigandi og styður þau.

Heimurinn stendur frammi fyrir sívaxandi vanda en það eru ónæmar bakteríur sem kunna að hafa valdið 10 milljón dauðsföllum á árinu 2015. Víðtækra aðgerða er þörf í löndunum, innan Evrópusambandsins og á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Einnig ber að nýta norrænt samstarf til fullnustu. Nefndin telur því að setja eigi í forgang aðgerðir gegn útbreiðslu

## B 307/holdbart

Afgreiðsla:

Norræna sjálfbærnefndin

Málsnúmer: 16-00204-2

sýklalyfjaónæmis í landbúnaði, sbr. þriðja aðgerðasviðið, *One Health (lyfjaóþol)*, *heilbrigð dýr og dýravelferð*.

Norðurlandaráð

Nefndin styður þá tillögu áætlunarinnar að Norðurlönd nýti í auknum mæli sameiginlega styrkleika sína til að vinna sameiginlegum norrænum hagsmunum brautargengi innan ESB og á alþjóðavettvangi. Á árunum 2017–2020 liggur fyrir að Evrópusambandið afgreiði breytingar á sameiginlegri stefnu sambandsins í landbúnaði og sjávarútvegi. Áhrif þessa verða mikil á Norðurlöndum. Því væri ráð að norrænu löndin stilltu saman strengi sína í mikilvægu löggjafarstarfi á vettvangi ESB. Reglur um matvælaöryggi og nýting líforku eru önnur Evrópumál sem munu hafa áhrif á Norðurlöndum. Nefndin telur því að setja eigi metnað í að samræma sjónarmið Norðurlanda í samningaviðræðum um mikilvægar lagagerðir ESB sem hafa áhrif í öllum löndunum. Einnig er mikilvægt að samræma aðgerðir í því skyni að koma í veg fyrir að nýjar stjórnsýsluhindranir myndist vegna innleiðingar á tilskipunum ESB í löndunum.

**B 307/holdbart**

Afgreiðsla:  
Norræna sjálfbærnefndin

Málsnúmer: 16-00204-2

Varðandi annað aðgerðasviðið, *Aukið þanþol og minni áhrif frumframleiðslu á loftslagsbreytingar*, telur nefndin viðeigandi að vísa til viðamikillar úttektar frá árinu 2014 á áhrifum frumframleiðslu á loftslagsbreytingar á Norðurlöndum (Climate change and primary industries, TemaNord 2014:552). Skýrslan inniheldur ýmsar tillögur og hefur ráðherranefndin um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS) greint Norðurlandaráði frá því að þeim tillögum verði fylgt eftir. Þá telur nefndin viðeigandi að vísað verði til súrnunar sjávar undir þessum lið. Um er að ræða alvarlegan vanda sem steðjar að sjávarbyggðum á Norðurlöndum.

Loftslagsbreytingar hafa leitt til þess að deilur hafa risið milli Norðurlandaþjóða út af skiptingu veiðikvótans (síld, makríl og kolmunni). Brýnt er að leita lausna á þeim. Norræna ráðherranefndin hefur orðið við tilmælum Norðurlandaráðs um að afla þekkingar sem löndin geta nýtt sér til lausnar á vandkvæðum með veiðistjórn á sameiginlegum fiskistofnum. Mælt er með því að Norræna ráðherranefndin fylgi þeim málum eftir.

Fiskeldi verður æ mikilvægara í matvælaframleiðslu á Norðurlöndum. Fiskeldinu fylgir ýmis vandi, t.d. þegar eldisfiskur sleppur úr kvíum út í náttúruna eða mengunaráhrif verða vegna losunar næringarefna. Norrænt samstarf hefur fjallað um þennan vanda og verður þess einnig þörf í framtíðinni. Nefndin leggur því til að aðgerðum, sem dregið geta úr illum afleiðingum fiskeldis á líffræðilega fjölbreytni, verði bætt við fyrsta aðgerðasviðið, *Sjálfbæra stjórnun lífrænna auðlinda*.

Í sumum löndum eru forsendur fyrir því að nýta betur akra og skóga til framleiðslu á matvælum og líforku. Nefndin leggur því til að aðgerðum, sem stuðla að því að forsendur á Norðurlöndum verði nýttar betur til sjálfbærrar framleiðslu á matvælum og líforku, verði bætt við fyrsta aðgerðasviðið, *Sjálfbæra stjórnun lífrænna auðlinda*.

Stokkhólmi, 27. september 2016

*Christian Poll (ALT)*

*Elín Hirst (Sj.)*

*Hanna Kosonen (cent), formaður*

*Irene Johansen (A)*

*Jan Erik Messmann (DF)*

*Jan Lindholm (MP)*

*Karin Gaardsted (S), varaformaður*

*Knut Storberget (A)*

*Mikko Kärnä (cent)*

*Róbert Marshall (Björt framtíð)*

*Staffan Danielsson (C)*

*Susanna Koski (saml)*

*Suzanne Svensson (S)*

*Sylvi Graham (H)*

*Thomas Finnborg (M)*